

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	25.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	326207,593 372914,582

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirlitinu.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri. Minnt er á að sýnataka þarf að fara fram í báðum frárennislögnum fiskeldisins og að leita þarf til heilbrigðisnefndar og byggingarfulltrúa við hönnun og samþykki á færslu frárennislagnar sem fyrirhuguð er.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða fiskeldi Samherja hf. að Stað í Grindavík en stöðin samanstendur af Seiðastöð, Millistöð, Hreiðri ásamt áframeldi í Fleka 1 og Fleka 2.

Starfsleyfið er frá 24. ágúst 2018 og heimilar eldi á laxi og bleikju allt að 3000 tonn af lífmassa á hverjum tíma og 3000 tonna ársframleiðslu.

Fram kemur í ársskýrslu síðasta árs að reksturinn hafi verið með hefðbundnum hætti en aðeins hafi verið dregið úr framleiðslu vegna Covid-19 og samdrætti í sölu á bleikju.

Eftirlitið hófst á fundi fyrir hádegi. Mætt voru Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis og Hjalti Bogason rekstrarstjóri fiskeldisstöðvarinnar að Stað í Grindavík og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Síðdegis var vettvangshéimilun í stöðina í Grindavík. Þar mættu Hjalti Bogason og Gottskálk Friðgeirsson.

Dagskrá:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins.
2. Farið yfir eldri útafstandandi mál.
3. Farið yfir kröfur í starfsleyfi.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
5. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Eins og áður sagði var reksturinn með hefðbundnum hætti þótt nokkuð hafi verið dregið úr framleiðslu vegna heimsfaraldursins og almennum söluhorfum. Samanlögð framleiðsla síðasta árs var 2423 tonn en dauðfiskur var um 103 tonn. Fóðurstuðull í seiðaeldinu var 0,99 en 1,41 í áframeldinu.

Óhapp varð 6. janúar sl. í aftakaveðri þegar frárennsli frá Millistöðinni fór í sundur. Tilkynning barst 18. febrúar um að viðgerðum á lögninni væri lokið. Atvikið varð ekki til að fiskur slyppi úr stöðinni enda fór lögnin í sundur við enda útrásar í sjó. Engin hreinsivirki eru á lögninni og ekki krafa um það í starfsleyfi.

Mat á losun næringarefna byggist á útreikningum á losun fosfórs og köfnunarefnis í viðtakann. Reiknað er út frá innihaldi fódurs. Losunarmörk eru sett fyrir fosfór og á síðasta ári var losun á fosfór á föstu formi 5,6 kg/ framleitt tonn og uppleyst fosfór var 3.3 kg/ framleitt tonn, eða samtals 8,9 kg/ framleitt tonn sem er undir losunarmörkum starfsleyfisins.

2. Eitt frávik kom fram á síðasta ári, um sein skil á útstreymisbókhaldi. Frávikinu var lokað í síðustu eftirlitsskýrslu þar sem gögnin höfðu borist. Engin frávik rekstraraðila eru því opin.

3. Samkvæmt starfsleyfi skulu þrjár skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni, þ.e. *áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvarnar*, (grein 1.5), *viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar* (grein 2.5) og *neyðaráætlun* (grein 2.6). Allar hafa nýlega verið uppfærðar.

Mælingar skal gera á þriggja ára fresti frá 2018 og því skal skila niðurstöðum mælinga vegna 2021, 2024, 2027 o.s. frv. Vegna ASC vottunar eru hafa verið mánaðarlegar mælingar á svífni, BOD-5, heildarfosfór og heildarköfnunarefni í tvö ár. Enn er farið fram á að sýnataka fari fram í báðum útrásum stöðvarinnar.

Aðferðir við skráningar voru skoðaðar og hvernig upplýsingar úr tölvukerfum, dagbókum og myndatöku eru nýttar til þess að uppfylla skráningaskyldur í starfsleyfinu. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar.

Árlega skal skila ársyfirliti, Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi. Öll gagnaskil til Umhverfisstofnunar voru tímanlega og ekki gerðar athugasemdir við það.

Rekstraraðili hefur ekki vottað umhverfisstjórnunarkerfi en fékk vottun á því á síðasta ári að reksturinn fylgi Aquaculture Stewardship Council (ASC) staðlinum. Eins hefur rekstraraðili sett sér umhverfisstefnu og umhverfismarkmið.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

5. Olúgeymar (6000 og 3000 ltr.) staðsettir nálægt varaafsstöð stöðvarinnar er kominn á skrá hjá Umhverfisstofnun. Upplýsingum um olúgeymanna verður komið á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis.

5. Fyrirhuguð breyting á frárennsli Seiðastöðvar, Millistöðvar og Hreiðurs með möguleika á að tengja Fiskeldisstöð Hafrannsóknastofnunar inn á þessa sömu lögn er stærsta framkvæmd í náinni framtíð sem hefði jákvæð áhrif til að draga úr álagi frá eldinu. Minnt er á að mögulega þarf að fá samþykki heilbrigðinefndar um "aðrar lausnir" í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, gr. 9.7 ef ekki er mögulegt er að veita frárennslinu minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum við nýju útrásina. Eins þarf að hanna framkvæmdina og byggingarfulltrúi að gefa út framkvæmdaleyfi áður en verk er hafið.

Farið var í skoðun og skoðaðar efnageymslur. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær. Skoðuð var viðgerð á frárennislögn sem fór í sundur í vetur og gengið niður að útrás úr lögninni og skoðaður sýnatökustaður við viðtaka. Geymslusvæði (lager og úrgangur) var skoðað og teknar myndir.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og eina óhappið sem hefur orðið (sjá ofar í textanum) er rof á frárennislögn.

ÁBENDINGAR


Minnt er á að sýnataka þarf að fara fram í báðum frárennislögnum fiskeldisins.

Minnt er á að leita þarf til heilbrigðisnefndar og byggingarfulltrúa við hönnun og samþykki á færslu frárennislagnar sem fyrirhuguð er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.08.2022



Gottskálk Friðgeirsson